



MYND2GM05

Kennsluáætlun – Vorönn 2018

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA), agustaragnars@fsu.is

Áfangalýsing:

Kynnt verða þrjú Adobe-forrit sem eru allsráðandi í grafíska geiranum í dag. Markmiðið er að nemendur læri á helstu tól og tæki forritanna sem og helstu aðgerðir og geti í kjölfarið komið frá sér einföldu grafísku efni á tölvutæku formi s.s. til prentsmiðja eða annarra framleiðslu- og birtingaraðila.

Forritin sem um ræðir eru:

- Adobe Photoshop (myndvinnsla)
- Adobe Illustrator (teikning)
- Adobe InDesign (umbrot)

Farið verður í allar helstu aðgerðir hvers forrits og þar að auki:

- Meðhöndlun lita
- Letur og leturfræði
- Skipulag, vistun og frágang í ólíka miðla
- Samskipti við t.d. fjölmiðla og prentsmiðjur

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu forritum sem notuð er í dag í grafíska geiranum
- stafrænni uppbyggingu mynda
- litstýringu
- vectorteikningu
- textameðferð og setningu
- leturgerðum og stílbrigðum
- myndbyggingu og tákfræði síðuhönnunar

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- grunnnotkun Photoshop, Illustrator og InDesign
- myndvinnslu s.s. setja saman myndir og lagfæra og litastilla myndir
- að hreinteikna einfalda grafik í vector
- að setja upp einfalt umbrot út frá samspili texta og mynda
- að vinna efni í ólíka miðla

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skila inn og taka á móti fjölmiðlaefni í stafrænu formi, bæði myndum og texta
- myndvinna í Photoshop
- vectorteikna í Illustrator
- brjóta um í InDesign

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Heimsóknir í prentsmiðju.
- Öll verkefnavinna fer fram í tölvum en þó gæti hugmynda- og skissuvinna einnig verið unnin á pappír.
- Tölvur með viðkomandi forritum eru í skólanum en skólinn skaffar ekki forritin í einkatölvur.

Kröfur og verkefnaskil

- Mikilvægt að nota "ský" fyrir verkefni og flokka allt vel og aðgengilega, þá bæði með lýsandi nöfnum og möppum.
- Skila þarf ákveðnum fyrirsettum verkefnum úr hverju forriti til þess að komast í lokaverkefnið.
- Standa þarf á skil á lokaverkefni til að standast áfangann.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- **Photoshop: janúar - 2. feb. (vægi samtals 26%)**
 - o Vinna og verkefni í tímum samtals 20%
 - o Lokaverkefni 6%
- **Illustrator: 5. feb. - 6. mars. (vægi samtals 26%)**
 - o Vinna og verkefni í tímum samtals 20%
 - o Lokaverkefni 6%
- **InDesign: 8. mars - 10. apríl. (vægi samtals 26%)**
 - o Vinna og verkefni í tímum samtals 20%
 - o Lokaverkefni 6%
- **Lokaverkefnið: 12. apríl og út önnina (vægi samtals 22%)**
 - o Eitt verkefni þar sem hver nemandi vinnur nokkra síðna blað þar sem notast skal við öll forritin.

Annað

- Farið er yfir mismunandi litakerfi í myndvinnslunni t.d RGB og CMYK. Einnig er fjallað almennt um litvinnslu.
- Fjallað er um leturgerðir og leturfjölskyldur: Hvernig á að velja letur? Hvað má og hvað má ekki? Hvaða leturnotkun er vænlegust til árangurs?
- Farið í skipulag verkefna, frágangi á verkum til hinna ýmsu miðla, hvernig á að skila af sér verkefnum og hvað er nauðsynlegt að gera og hvað ber að varast.
- Farið í heimsóknir í prentsmiðjuna Prentmet.

Margt af ofangreindu skarast að einhverju leyti yfir önnina, þannig að umfjöllunin er lifandi. Að auki er fjallað um heilmargt annað sem snertir grafíska miðlun sem og grafíska hönnun. Nefna má almenna umræðu um hönnun, merkjahönnun, markaðsmál, prentmöguleika, pappír, pappírsvál ofl.

NÁNAR UM LOKAVERKEFNIÐ

Hver nemandi mun vinna 8 síðna blað þar sem notast skal við öll forritin. Huga þarf að forsíðu og baksíðu og að blaðið og uppsetning þess sé samræmt í útliti. Nemendur fá fyrirmæli um innihaldið efnislega en þeirra er útlitið og uppsetningin. Verkefninu skal skilað bæði útprentuðu og á tölvutæku prenthæfu formi.

Efnisgjald

Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.